



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1260
komudagur 14.3.2014

Reykjavík, 14. mars 2014

R14020130

175

HBL/újb

Alþingi - nefndasvið
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál - umsögn Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs 13. mars 2014 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. mars 2014, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs s.d. á umsögn dags. 10. mars, um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkflugvelli.

Borgarráð samþykkti hjálagaða umsögn.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Umsögn um um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkflugvelli



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2014.

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflogvelli, sbr. þingskjal 279, 217. þingmál.

Vísað er til bréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflogvelli.

Í frumvarpinu kemur fram að markmið laganna sé að tryggja ábyrgð Alþingis á gerð skipulagsáætlana og þátttöku í veitingu framkvæmda- og byggingarleyfa á Reykjavíkurflogvelli en ráðherra fari með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á flugvellinum. Lagt er til með frumvarpinu að Alþingi skipi fimm menn í sérstaka skipulags- og byggingarnefnd fyrir Reykjavíkurflogvöll. Tveir skuli skipaðir samkvæmt tilnefningu ráðherra, tveir samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar og einn án tilnefningar. Sérstaklega er tekið fram í frumvarpinu að skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar skuli starfa með skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkurflogvallar til að hafa umsjón með skipulagsgerð, eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og annast að öðru leyti þau verkefni sem honum verða falin af nefndinni og öðrum þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar fær að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Alþingi verði heimiluð yfirráð á svæði innan skipulagssvæðis sveitarfélags, án aðkomu, samþykkis né samráðs við sveitarfélagið. Hér er um að ræða freklegt inngrip í skipulagsvald sveitarfélagsins. Slík lögfesting samræmist alls ekki markmiðum skipulagslaga en samkvæmt þeim lögum nær skipulagsskylda sveitarfélaga til lands og hafs innan marka sveitarfélaga sem er á ábyrgð sveitarstjórna en ekki ríkisvaldsins. Þá verður seint komið auga á af hverju löggjafinn, Alþingi Íslendinga, á að hafa einhverja þá hagsmuni af skipulagi Reykjavíkurflogvallar sem getur réttlætt geti slíkt inngrip.

Minnt er á að í 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og í 1. og 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er að finna ákvæði um sjálfsstjórn sveitarfélaga og að afskipti annarra stjórnvalda af málefnum sveitarfélaga skuli ávallt taka mið af sjálfsstjórn sveitarfélaga samkvæmt stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfsstjórn sveitarfélaga.



Í greinargerð með frumvarpinu segir að skipulagsvald sveitarfélaga sé ekki takmarkalaust þar sem hægt sé að setja lög sem takmarki skipulagsvald sveitarfélaga og er nefnt til samanburðar að skipulagsvald á Keflavíkurflugvelli sé í höndum sérstakrar skipulagsnefndar eins og ætlunin sé samkvæmt frumvarpinu. Rétt er að Keflavíkurflugvöllur hefur sérstaka skipulagsnefnd sem hefur aðkomu að gerð aðal- og deiliskipulags ásamt útgáfu byggingarleyfa en Mannvirkjastofnun gefur út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 2. mgr. 62. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Með setningu laga nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. var tryggð áframhaldandi sérstaða í skipulagsmálum innan Keflavíkurflugvallarsvæðisins á þeim grundvallarforsendum að landsvæðið væri alfarið eign íslenska ríkisins og vegna þeirra kvaða sem hvíla á flugvellingum út frá þjóðréttarlegum skuldbindingum, þ.e. á sviði varnar- og öryggismála sem hvíla á íslenska ríkinu á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, samkomulags Íslands og Bandaríkjanna frá 26. ágúst 1983 varðandi aðgang og afnot Bandaríkjanna af Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á ófriðartímum og í neyðartilvikum og vegna samninga við Atlantshafsbandalagið (NATO). Vegna þessara samninga hefur Keflavíkurflugvöllur þá sérstöðu að vera ætlaður til varnarþarfa landsins, þ.m.t. heræfinga og eftir atvikum friðargæsluæfinga. Engar sambærilegar kvaðir eru á Reykjavíkurflugvelli og því fráleitt að nota Keflavíkurflugvöll sem samanburðardæmi í þessu samhengi.

Það er álit Reykjavíkurborgar að það sé lagalega illfært og jafnvel ómögulegt að setja almenn lög, sem ganga m.a. gegn ákvæðum stjórnarskrár Lýðveldisins, til að ríkið nái skipulagslegum yfirráðum yfir flugvallarsvæðinu. Reykjavíkurborg á um 60% þess lands sem er undir flugvellingum í Vatnsmýri og að uppfylltum almennum skilyrðum skaðabótaréttar má telja að íslenska ríkið muni valda sveitarfélaginu bótaskyldu tjóni með háttsemi sinni við lagasetninguna. Er í því samhengi vísað sérstaklega til þeirrar meginreglu um skaðabætur sem birtist í 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í ákvæðinu kemur fram að sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni vegna rýrnunar á verðmæti og skertra nýtingarmöguleika vegna skipulagsákvarðana eigi rétt á bótum. Ljóst má vera að afleitt tjón vegna samþykktar frumvarpsins muni geta varðað tugum milljarða króna. Reykjavíkurborg telur það óviðeigandi og fordæmislaust inngríp í sjálfsstjórnarrétt sveitarfélagsins og skipulagsvald og áskilur sér rétt til að krefjast fullra bóta verði af þeim fyrirætlunum sem frumvarpið boðar.

Af ofangreindum ástæðum leggst Reykjavíkurborg gegn því að ofangreint frumvarp verði samþykkt á Alþingi.

F.h. skrifstofu sviðsstjóra,
Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur